

**1307. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 16.  
desember 2024 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Gylfi Ólafsson formaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Þór Kristjánsson áheyrnarfulltrúi og Jóhann Birkir Helgason aðalmaður.

**Embættismenn:**

Bryndís Ósk Jónsdóttir, staðgengill bæjarstjóra og Arndís Dögg Jónsdóttir, skjalastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arndís Dögg Jónsdóttir, Skjalastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2024 - viðauki 18 kjarasamningar KÍ  
afturvirkir 2024 - 2024040018**

Lagður fram til samþykktar viðauki 18 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2024, vegna hækkana á kjarasamningum við KÍ, en breytingarnar tóku gildi afturvirkir frá 1. júní 2024.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-.

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur 185.800.000.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur í kr. 738.700.000

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 18 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2024, vegna hækkana á kjarasamningum við KÍ, en breytingarnar tóku gildi afturvirkir frá 1. júní 2024.*

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-.

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur 185.800.000.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur í kr. 738.700.000

**2. Undanþágur verkfallsheimilda 2024 - 2024110045**

Lagt fram til samþykktar minnisblað Baldurs Inga Jónssonar, mannauðsstjóra, dags. 13. desember 2024, er snýr að undanþágu verkfallsheimilda, en árlega þurfa sveitarfélög, að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög, að endurnýja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og 2. gr. laga nr. 129/2020, um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.

Undanþágulisti sem tilgreindur er í minnisblaðinu er lagður fyrir bæjarráð til

Samþykktar í bæjarstjórn, en listinn þarf að birtast í B-deild stjórnartíðinda fyrir 1. febrúar 2025.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og 2. gr. laga nr. 129/2020, um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.*

### Gestir

Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri - 00:00

#### **3. Örutboð - Raforka - 2024010236**

Lögð fram tilkynning frá N1, birgja Ísafjarðarbæjar, um hækkun verðs eða fyrirhugaða uppsögn þjónustu raforkusamnings frá og með 1. janúar 2025, með þriggja mánaða fyrirvara. Jafnframt lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 13. desember 2024, vegna málsins.

*Bæjarráð samþykkir ekki boðaða hækkun N1 á raforku og felur bæjarstjóra að fara í örútbod verði samningi sagt upp af hálfu N1.*

#### **4. Flugeldasala og flugeldasýningar um áramót - 2024120015**

Lagt fram erindi Thelmu E. Hjaltadóttur, f.h. Lögreglustjórans á Vestfjörðum, dags. 10. desember 2024, þar sem óskað eftir umsögn um umsókn um skoteldasýningar sem embættinu hafa borist, en um er að ræða sýningu hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar. Meðfylgjandi jafnframt jákvæð umsögn slökkviliðs.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfis til Björgunarfélags Ísafjarðar til að halda skoteldasýningu á Ísafirði 31. desember 2024.*

#### **5. Suðureyri 11 íbúða hús - stofnframlag til Brákar íbúðafélags hses. - 2024080015**

Lögð fram til kynningar samþykkt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 6. desember 2024, um úthlutun stofnframlaga ríkisins vegna 11 íbúða á Suðureyri, skv. umsókn Ísafjarðarbæjar.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **6. Þingeyri 9 íbúða hús - stofnframlag til Brákar íbúðafélags hses. - 2024080014**

Lögð fram til kynningar samþykkt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 6. desember 2024, um úthlutun stofnframlaga ríkisins vegna 9 íbúða á Þingeyri, skv. umsókn Ísafjarðarbæjar.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **7. Hverfisráð - fundargerðir 2024 - 2024010183**

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar hverfisráðs Suðureyrar, en fundur var haldinn 21. nóvember 2024.

*Lagt fram til kynningar og bæjarráð felur bæjarstjóra að svara hverfisráði vegna fundargerðar aðalfundar hverfisráðs Suðureyrar.*

**8. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2024 - 2024020117**

Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, en fundur var haldinn 12. desember 2024. Meðfylgjandi er áætlun um skiptingu kostnaðar sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir árið 2025.

*Máli vísað til kynningar í umhverfis- og framkvæmdanefndar.*

**9. Fundargerðir 2024 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2024010120**

Lögð fram til kynningar fundargerð 959. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en fundur var haldinn 29. nóvember 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 643 - 2412001F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 643. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 12. desember 2024.

Fundargerðin er í 12 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

10.7 2024110142 - Brekka í Dýrafirði, skógrækt. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að afturkalla framkvæmdaleyfi til landeiganda Brekku í Dýrafirði, en heimild var veitt á 543. fundi bæjarstjórnar þann 5. desember 2024. Þá skuli skipulags- og mannvirkjanefnd endurupptaka málið og veita upplýsingar til umsækjanda um tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, þar sem um er að ræða nýræktun skóga á verndarsvæðum, sem er óháð umfangi, þ.e. framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B en fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

10.8 2024120018 - Eyrargata 3, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja lóðarleigusamning við Eyrargötu 3 á Ísafirði.

10.12 2024050044 - Gatnagerð á Þingeyri, fráveitulögn og tenging

hreinsistöðvar

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar undir hreinsistöð á Þingeyri við Hafnarstræti 26.

#### 11. Velferðarnefnd - 483 - 2412007F

Lögð fram til kynningar fundargerð 483. fundar velferðarnefndar, en fundur var haldinn 10. desember 2024.

Fundargerðin er í 12 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

11.1 2024030106 - Endurskoðun - Reglur um fjárhagsaðstoð í Ísafjarðarbæ.

Velferðarnefnd vísar reglum um fjárhagsaðstoð til samþykktar í bæjarstjórn.

11.2 2024120035 - Samvinna sveitarfélaga - Súðavíkurreppur og Ísafjarðarbær - samningur um félagsþjónustu

Velferðarnefnd fagnar áframhaldandi fyrirhuguðu samstarfi við Súðavíkurrepp og leggur til við bæjarstjórn að samningurinn verði samþykktur.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30**

---

Gylfi Ólafsson

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Jóhann Birkir Helgason

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir

---

Arndís Dögg Jónsdóttir

